

# **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum**

Ársreikningur 2018

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Skógarbraut 945  
235 Reykjanesbær

kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit.

Áritun óháðs endurskoðenda.....	2-3
Skýrsla stjórnar.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-13

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og eignaraðila Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018, breytingu á handbæru fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og viðhöfum faglega tortryggni. Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 17. apríl 2019



ÍSLENSKIR  
ENDURSKOÐENDUR

**Íslenskir endurskoðendur ehf.**

Guðni Þór Gunnarsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er félag í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau.

Afgangur ársins nam um 2,3 milljónum króna og eigið fé í lok ársins var 756 þúsund krónur.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með ársreikning Sambandsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Reykjanesbær, 17. apríl 2019

### Í stjórn



Kolbrún Jóna Pétursdóttir  
Stjórnarformaður



Einar Jón Pálsson




Hjálmar Hallgrímsson



Ingþór Guðmundsson

### Framkvæmdastjóri



Berglind Kristinsdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	Áætlun 2018	2017
Rekstrartekjur .....		439.148.134	367.699.000	361.500.091
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(91.528.567)	(73.896.000)	(68.983.765)
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....		(7.397.516)	(530.000)	(7.425.156)
Önnur rekstrargjöld .....		(248.662.818)	(178.271.000)	(158.697.450)
Styrkir .....		(107.548.710)	(110.038.000)	(111.467.833)
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna .....		<u>17.673.137</u>	<u>0</u>	<u>(15.303.565)</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap).....</b>		<b>1.683.660</b>	<b>4.964.000</b>	<b>(377.678)</b>
Fjármunatekjur .....	4	913.038	0	742.357
Fjármagnsgjöld .....	5	<u>(248.746)</u>	<u>0</u>	<u>(147.801)</u>
<b>Tekjuafgangur (hali) ársins .....</b>		<b><u>2.347.952</u></b>	<b><u>4.964.000</u></b>	<b><u>216.878</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Fjárfestingaverðbréf .....	6	1.250.000	1.250.000
		<u>1.250.000</u>	<u>1.250.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa vegna verkefna .....	7	90.511.151	76.032.257
Viðskiptakröfur .....	7	14.700.103	20.596.618
Krafa á tengda aðila .....	11	41.648.232	20.600.158
Handbært fé .....	7	124.884.069	137.110.322
		<u>271.743.555</u>	<u>254.339.355</u>
<b>Eignir</b>		<u>272.993.555</u>	<u>255.589.355</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	756.453	(1.591.499)
<b>Eigið fé</b>		<u>756.453</u>	<u>(1.591.499)</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	9	167.282.146	159.884.630
		<u>167.282.146</u>	<u>159.884.630</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld vegna verkefna .....	10	69.285.149	72.479.392
Viðskiptaskuldir .....	10	28.502.556	18.086.909
Skuld við tengda aðila .....		0	67.637
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	7.167.251	6.662.286
		<u>104.954.956</u>	<u>97.296.224</u>
<b>Skuldir</b>		<u>272.237.102</u>	<u>257.180.854</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>272.993.555</u>	<u>255.589.355</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjuaafgangur (halli) ársins .....		2.347.952	216.878
Hækkun á skuldbindingum .....		7.397.516	7.425.156
<b>Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>9.745.468</u>	<u>7.642.034</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(8.582.379)	8.256.445
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		7.726.369	10.699.683
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<u>8.889.458</u>	<u>26.598.162</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kröfur á tengd félög .....	11	(21.115.711)	7.004.173
		<u>(21.115.711)</u>	<u>7.004.173</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b> .....		(12.226.253)	33.602.335
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<u>137.110.322</u>	<u>103.507.987</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....	7	<u>124.884.069</u>	<u>137.110.322</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. október ár hvert.

## 2. Reikningskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélag á Suðurnesjum fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Tekjur og gjöld vegna verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrissamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður meðal krafna eða skulda vegna verkefna í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverð eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfabingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal cigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2018	2017
Laun og bifreiðastyrkir .....	25.353.292	7.140.172
Launatengd gjöld .....	13.836.834	1.653.572
Annar starfsmannakostnaður .....	1.073.831	1.164.596
Laun og launatengd gjöld verkefna .....	51.264.610	59.025.425
	<u>91.528.567</u>	<u>68.983.765</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	6,6	6,7

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2018 námu 18,5 milljónum króna en fyrir árið 2017 nam fjárhæðin 16,9 milljónum króna.

Samkomulag var gert við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga um viðbótargreiðslur í samræmi við lög nr. 127/2016 í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Alls eru greiðslur ársins vegna þessa kr. 19.786.480 færðar meðal launa og starfsmannakostnaðar á árinu.

### 4. Fjármunatekjur

	2018	2017
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	832.731	529.663
Vaxtatekjur verkefna .....	80.307	212.694
	<u>913.038</u>	<u>742.357</u>

## Skýringar

### 5. Fjármagnsgjöld

	2018	2017
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	176.726	113.768
Vaxtagjöld verkefna .....	72.020	34.033
	248.746	147.801

### 6. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2018	31.12.2017
Eignarhluti í Fisktækniskóla Íslands ehf. ....	1.250.000	1.250.000

### 7. Aðrar peningalegar eignir

#### Krafa vegna verkefna

	31.12.2018	31.12.2017
Almenningssamgöngur .....	90.131.752	76.032.257
Heilsugæslustöð vegna lífeyrisskuldbindinga .....	379.399	0
	90.511.151	76.032.257

#### Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur .....	12.290.213	17.641.014
Viðskiptakröfur á aðildarsveitarfélög .....	2.664.890	2.955.604
	14.955.103	20.596.618

#### Handbært fé

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	124.884.069	137.110.322
	124.884.069	137.110.322

### 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 01.01.2017.....	(1.808.377)
Afgangur ársins.....	216.878
Eigið fé 01.01.2018.....	(1.591.499)
Afgangur ársins.....	2.347.952
Eigið fé 31.12.2018.....	756.453

# Skýringar

## 9. Skuldbindingar

### Lífeyrisskuldbindingar við LSR

Á Sambandi sveitarfélaga og samreknnum stofnunum hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það ber félagið ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingastærðfræðingi miðað við árslok 2017 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31.12.2018 auk 2,5% vaxta. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 239 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn SSS 71,1 milljónum króna í árslok 2018. Til skuldar í reikningsskilum HES eru færðar 74,1 milljónir króna og í reikningsskil Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. eru færðar 93,9 milljónir króna.

Hluti SSS í reiknaðri hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2018 nam um 2,7 milljónum króna og er færð til gjalda meðal launa og tengdra gjalda. Einnig var gjaldfært viðbótarframlag til LSR að fjárhæð 5,6 milljónir króna.

Hluti SSS í reiknaðri hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2018 nam um 2,7 milljónum króna og er færð til gjalda meðal launa og tengdra gjalda. Einnig var gjaldfært viðbótarframlag til LSR að fjárhæð 5,6 milljónir króna.

### Lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóð

Hjá Brú lífeyrissjóði Reykjanesbæjar hvílir skuldbinding á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna launa starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja.

Fjárhæð skuldbindingarinnar þann 31.12.2018 er 96,2 milljónir króna.

Á árinu 2018 eru gjaldfærðar 4,6 milljónir króna vegna viðbótarframlags til Eftirlaunasjóðsins vegna starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja sem laun og launatengd gjöld verkefna.

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Skuldir vegna verkefna

	31.12.2018	31.12.2017
Almannavarnir .....	6.252.573	3.717.981
Blái herinn .....	0	0
Heilsugæslustöð vegna lífeyrisskuldbindinga .....	0	3.068
Heklan - atvinnuþróunarfélag .....	14.985.477	21.003.690
Menningarmál .....	3.420.610	3.420.610
Nefndalaun .....	4.805.281	3.467.874
Sóknaráætlun .....	39.821.208	39.237.232
Vaxtarsamningur Suðurnesja .....	0	0
Æskulýðsmál .....	0	500.000
Öldrunarnefnd - þjónustuhópur .....	0	1.128.937
	<u>69.285.149</u>	<u>72.479.392</u>

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptaskuldir .....	28.502.556	18.086.909
	28.502.556	18.086.909

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	5.277.719	5.793.079
Aðrar skuldir .....	1.889.532	869.207
	7.167.251	6.662.286

## 11. Tengdir aðilar

Viðspti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Kröfur		Skuldir	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Kalka Sorpeyðingarstöð sf .....	192.539	182.303	0	0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja .....	20.797.994	6.179.536	0	0
Brunavarnir Suðurnesja .....	808.266	0	0	67.637
Reykjanes Jarðvangur ses.....	14.240.593	37.023	0	0
Markaðsstofa Reykjaness.....	5.608.840	14.201.296	0	0
	41.648.232	20.600.158	0	67.637

Meðal viðskiptakrafna eru kröfur á aðildarsveitarfélög SSS, samtals 2,6 milljónir króna.

Framlög sveitarfélaganna á Suðurnesjum til reksturs SSS nam um 10,8 milljónum króna og framlög þeirra til verkefna undir stjórn SSS nam um 42,2 milljónum króna.

## 12. Abyrgðir og önnur mál.

Félagið hefur gert samning um húsaleigu og eru um 1,5 ár eftir af samningstímanum.

## 13. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 17. apríl 2019.

Sérgræindur tekju- og gjaldreikningur ársins 2018

	Rekstur SSS	Heklan - atvinnubr.	Memningar- mál	Almannavarnir	Almennings- samgöngur	Vaxta- samningur	Sökna- áætlun	Míðstöð símenntuna	Náttúrastofa Svævestur- lands	Markaðsstofa Reykjaness	Nefnda- laun	Æskutýðs mál	Bláa herinn	Öldrumarne fnd	Heilbrigðis- stöð lífskb.	Samtals
<b>Teikjur</b>																
Framlög sveitarfélaga .....	10.770.000	12.000.000	0	4.373.000	0	0	8.500.000	0	2.800.000	8.000.000	2.474.000	0	1.000.000	250.000	2.800.000	52.967.000
Framlög úr jöfnamarsjóði sveitarfélaga .....	32.636.357	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	32.636.357
Önnur framlög .....	21.277.691	26.563.621	0	0	212.157.080	0	93.549.385	0	0	0	0	0	0	0	0	353.544.777
	64.684.048	38.563.621	0	4.373.000	212.157.080	0	102.049.385	0	2.800.000	8.000.000	2.474.000	0	1.000.000	250.000	2.800.000	439.148.134
		14.337.996														
<b>Gjöld</b>																
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	48.974.175	31.658.730	0	713.195	0	0	7.000.000	0	0	0	0	0	0	0	3.182.467	91.528.567
Lífeyrisskuldubinding, breyting .....	7.397.516	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7.397.516
Önnur rekstrargjöld .....	6.620.410	12.595.508	0	1.124.100	226.224.786	0	899.176	0	0	0	0	500.000	0	597.838	0	248.662.818
Slyrkir .....	0	313.263	0	0	0	0	93.612.755	0	2.800.000	8.000.000	1.136.593	0	1.000.000	581.099	0	107.548.710
Breyting á útlögðum kosnaði verkefna .....	(17.673.137)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(17.673.137)
	43.318.964	44.573.501	0	1.837.295	226.224.786	0	101.511.931	0	2.800.000	8.000.000	1.136.593	0	1.000.000	1.378.937	3.182.467	437.464.474
	19.365.084	(6.012.830)	0	2.535.705	(14.067.706)	0	537.454	0	0	0	1.337.407	(500.000)	0	(1.128.937)	(382.467)	1.683.660
<b>Rekstrarhagnaður(tap)</b>																
Fjármunatekjur .....	832.731	0	0	0	15.297	0	65.010	0	0	0	0	0	0	0	0	913.038
Fjármagnsgjöld .....	(176.726)	(5.333)	0	(1.113)	(47.086)	0	(18.488)	0	0	0	0	0	0	0	0	(248.746)
<b>Teikjuhagangur (hali) ársins</b>	20.021.089	(6.018.213)	0	2.534.592	(14.099.495)	0	583.976	0	0	0	1.337.407	(500.000)	0	(1.128.937)	(382.467)	2.347.952
<b>Krafa / (skuld) í upphafi árs</b>	(21.003.690)	(3.420.610)	(3.717.581)	76.032.257	0	(39.237.232)	0	(39.237.232)	0	0	(3.467.874)	(500.000)	0	(1.128.937)	(3.068)	3.552.865
<b>Krafa / (skuld) í lok árs</b>	(14.985.477)	(3.420.610)	(6.252.573)	90.131.752	0	(39.821.208)	0	(39.821.208)	0	0	(4.805.281)	0	0	0	379.399	21.226.002
	(6.018.213)	0	2.534.592	(14.099.495)	0	583.976	0	583.976	0	0	1.337.407	(500.000)	0	(1.128.937)	(382.467)	(17.673.137)

